

2009-2012

---

Mannréttindaskrifstofa  
Reykjavíkurborgar

---

# Horft til framtíðar

Stefnumótun og aðgerðaáætlun  
í málefnum innflytjenda



# Horft til framtíðar

Stefnumótun og aðgerðaáætlun  
í málefnum innflytjenda

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Mars 2009



### Úr mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar:

Óheimilt er að mismuna borgarbúum vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum og allir eiga rétt á sanngjarnri framkomu óháð uppruna eða þjóðerni. Varast ber að flokka alla sem falla undir þessar skilgreiningar sem einn hóp og gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu kvenna í borginni sem eru af erlendum uppruna annars vegar og karla sem eru í borginni af erlendum uppruna hins vegar og bregðast við ef á annað kynið hallar.

## EFNISYFIRLIT:

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Stefnumótun Reykjavíkurborgar .....</b>                                 | <b>4</b>  |
| Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar .....                                       | 4         |
| Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar .....                                 | 5         |
| Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar .....                                    | 5         |
| Mannréttindaskrifstofa og mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar .....       | 5         |
| Verkefnastjórn í málefnum innflytjenda .....                               | 6         |
| Þekkingarmiðstöð í málefnum innflytjenda .....                             | 6         |
| Hlutverk og stefna ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga .....      | 6         |
| Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga .....                              | 7         |
| Verkefni ríkisins .....  | 8         |
| Saga og þróun málaflokksins hjá Reykjavíkurborg .....                      | 9         |
| <b>Verkáætlun 1. hluti .....</b>   | <b>11</b> |
| Móttaka og skráning nýrra íbúa .....                                       | 11        |
| Upplýsingamiðlun .....   | 12        |
| Nærþjónusta og ráðgjöf .....   | 14        |
| Túlkþjónusta .....   | 15        |
| Þýðingar .....   | 15        |
| Samráðsteymi um málefni innflytjenda .....                                 | 16        |
| Árlegur fjölmeningardagur .....  | 16        |
| <b>Verkáætlun 2. hluti .....</b>   | <b>17</b> |
| Leikskólasvið: Börn á aldrinum 0-6 ára .....                               | 17        |
| Menntasvið: Börn á aldrinum 5-16 ára .....                                 | 19        |
| Sameiginlegar tillögur fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf ..... | 22        |
| Fullorðisfræðsla: Námsflokkar Reykjavíkur .....                            | 27        |
| Borgarbókasafnið og fjölmening .....                                       | 27        |
| <b>Verkáætlun 3. hluti .....</b>   | <b>29</b> |
| Erlent starfsfólk: móttaka, íslenskukennsla og starfsþróun .....           | 29        |
| <b>Ráðgjafar .....</b>   | <b>31</b> |
| <b>Leslisti .....</b>  | <b>32</b> |

## STEFNUMÓTUN REYKJAVÍKURBORGAR

### Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar

Framtíðarsýn í stefnukorti Reykjavíkurborgar er „Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi“.

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar eru:

- Reykjavíkurborg leggi metnað sinn í að sinna öllum íbúum sínum af kostgæfni og koma til móts við ólíkar þarfir hvers og eins.
- Reykjavíkurborg fagni komu fólks frá öðrum löndum og með ólíkan bakgrunn.
- Reykjavíkurborg leitist við að tryggja miðlun upplýsinga um þjónustu, réttindi og skyldur eftir mismunandi leiðum til allra nýrra íbúa.
- Reykjavíkurborg vinni stöðugt að því að auka fjölmenningslega færni starfsfólks borgarinnar sem sinnir móttöku og samskiptum við nýja íbúa.
- Reykjavíkurborg leiti allra leiða til að koma í veg fyrir fordóma og að íbúum sé mismunað vegna uppruna eða trúarbragða.

Stefnumótunin og aðgerðaáætlunin sem hér er lögð fyrir byggir á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 16. maí 2006, þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem samþykkt var á Alþingi í maí 2008, tillögum að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda sem samþykktar voru í lok janúar 2009 og svo kortlagningu verkefnastjórnar sem unnin var á árunum 2007-2008.

Málefni innflytjenda eru síbreytileg og bregðast þarf við nýjum aðstæðum hverju sinni. Náíð samráð var haft við þau fagsvið borgarinnar sem tengjast málaflokknum og skiluðu sérfræðingar inn tillögum og athugasemdum.

## **Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar**

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í Borgarstjórn Reykjavíkur 16. maí 2006. Í henni felst að Reykjavíkurborg leitist við að samþætta hagsmuni innflytjenda og barna þeirra inn í alla stefnumótun sína, stjórnarsýslu og þjónustu í samræmi við stefnu Sambands Íslenskra sveitarfélaga og stefnu ríkisins í málefnum innflytjenda, til að þjónusta ríkis og sveitarfélaga birtist innflytjendum sem ein heild.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri áherslu á jafna stöðu kvenna og karla. Með því að vinna eftir samræmdri mannréttindastefnu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til.

*Nánar um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á [www.rvk.is/mannrettindi](http://www.rvk.is/mannrettindi)*

## **Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar**

Mannréttindaráð er eitt af tíu fagráðum Reykjavíkurborgar. Hlutverk mannréttindaráðs er að sjá til þess að mannréttindastefnunni sé framfylgt. Mannréttindaráð skal móta stefnu í mannréttindamálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttindaskrifstofu borgarinnar og að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð felur því.

## **Mannréttindaskrifstofa og Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar:**

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar veitir mannréttindaskrifstofu forstöðu. Skrifstofan starfar þvert á öll svið borgarinnar og er staðsett í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hlutverk skrifstofunnar er meðal annars að standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Starfsmenn og íbúar borgarinnar geta leitað til skrifstofunnar ef þeir telja að mannréttindastefnunni sé ekki framfylgt á vinnustað eða í tengslum við þjónustu þá er borginni ber að veita.

Mannréttindastjóri undirbýr fundi mannréttindaráðs og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Hann vinnur ásamt mannréttindaráði framkvæmdaáætlun mannréttindamála, eflir samráð innan borgarinnar í þeim málum sem mannréttindastefna borgarinnar nær til og hefur samráð við stofnanir, félög og önnur sveitarfélög um mannréttindamál.

*Nánar á [www.rvk.is/mannrettindi](http://www.rvk.is/mannrettindi)*

## **Verkefnastjórn í málefnum innflytjenda**

Borgarráð samþykkti 20. febrúar 2007 skipan verkefnastjórnar í málefnum innflytjenda. Meðal verkefna hennar var að láta kortleggja það starf sem unnið er í Reykjavík í málefnum innflytjenda, bæði innan og utan borgarkerfisins. Nokkrar breytingar urðu á skipan í verkefnastjórn frá ársbyrjun 2007 til ársloka 2008 vegna breytinga í Borgarstjórn Reykjavíkur. Segja má að fyrsta árið hafi farið í kortlagningu og kynnisferðir. Meðal verkefna sem unnin voru: Upplýsingum um innflytjendamál var safnað frá sviðum borgarinnar, rannsókn var gerð á viðhorfum útlendinga til þjónustu Reykjavíkurborgar og farið var í kynnisferðir. Fjölmarginir sérfræðingar voru kallaðir á fund verkefnastjórnarinnar.

Í verkefnastjórninni sátu undir lok tímabilsins: Marta Guðjónsdóttir, formaður mannréttindaráðs, Falesteen Abu Libdeh, Zakaria Elias Anbari, Jóhann Björnsson og Páll Heimisson.

Í október 2008 var Íris Björg Kristjánsdóttir ráðin verkefnastjóri í málefnum innflytjenda á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar til að móta heildarstefnu og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir Reykjavíkurborg í samvinnu við verkefnastjórnina.

## **Þekkingarstöð í málefnum innflytjenda: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða**

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er þekkingarstöð í málefnum innflytjenda, með sérfræðiþekkingu um málefni innflytjenda, flóttafólks og annarra af erlendum uppruna.

Starfandi er sérstakt fjölmeningarteymi. Meðlimir fjölmeningar-teymisins eru í samstarfi við aðra aðila sem sinna málefnum fólks af erlendum uppruna í samfélaginu. Þeir hafa verið virkir í ýmsum samráðshópum sem tengjast málefnum innflytjenda, ásamt því að veita hinum ýmsu aðilum ráðgjöf, fræðslu, kennslu o.fl. Þekkingarstöðinni ber að vera ráðgefandi í málefnum innflytjenda.

## **Hlutverk og stefna ríkis og sveitarfélaga**

Innflytjendamálin hafa verið málaflokkur í mótun bæði hjá ríki og sveitarfélögum á undanförunum áratugum. Þrátt fyrir að umtalsverður árangur hafi náðst á ákveðnum sviðum, þá er málaflokkurinn enn í þróun og á meðal annars eftir að skilgreina betur hlutverk hverrar stofnunar, verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og hvaða verkefni geta verið í höndum sjálfstæðra aðila og félagasamtaka.

Í byrjun árs 2009 samþykkti Samband íslenskra sveitarfélaga tillögur að stefnumótun fyrir sveitarfélög á landinu. Áður hafði ríkið samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda í maí 2008 og vann í framhaldinu að því að leggja drög að lagasetningu.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er kveðið á um hlutverk sveitarfélaga í málaflokknum. Þar segir: „Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Í framkvæmdaáætlun um aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda er gert ráð fyrir að Fjölmeningarsetur útbúi á tímabilinu mars 2008 til apríl 2009 fyrirmynd að móttökuáætlun sveitarfélaga, sem miðist að því að tryggja að innflytjendur verði sem allra fyrst virkir þátttakendur í

samfélaginu og fái strax við komuna til sveitarfélags í hendur upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og ríkisins á viðkomandi búsetusvæði. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að þjónustustofnanir ríkisins vinni með sveitarfélögum að móttöku með það að markmiði að velferðarþjónustan birtist innflytjendum sem ein heild.“

Fjölmenningarsetur er tilraunaverkefni til þriggja ára og er staðsett á Ísafirði. Með frumvarpi til laga má gera ráð fyrir að Fjölmenningarsetur verði fest í sessi og hlutverk þess vel skilgreint.

Í framkvæmdaáætluninni er þess getið að sveitarfélög hafi rúmar heimildir til að efna til þjónustu eða verkefna til að mæta þörfum íbúanna sem geta verið ólíkar frá einu sveitarfélagi til annars, enda sé hlutfall innflytjenda mjög breytilegt eftir sveitarfélögum. Í tengslum við auknar skyldur sveitarfélaga á þessu sviði munu reglur um framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vera endurskoðaðar, til að betur megi styðja við hlutverk sveitarfélaga á sviði aðlögunar innflytjenda og efnt til samráðs ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun nýrra verkefna.

Í núverandi skipulagi jöfnunarsjóðs er ekki gert ráð fyrir því að Reykjavíkurborg fái greitt úr sjóðnum vegna þessa málaflokks. Velta má fyrir sér hvort skerpa þurfi betur á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og því veigamikla hlutverki sem Reykjavíkurborg gegnir í móttöku innflytjenda til landsins.

## **Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Í tillögum að stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem samþykktar voru í janúar 2009, voru eftirfarandi meginmarkmið sett fram:

- Að hagsmunir innflytjenda og barna þeirra séu samþættir inn í alla stefnumótun, stjórnslu og þjónustu sveitarfélaga.
- Að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem íbúar og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaga.
- Að opinber þjónusta birtist innflytjendum sem ein heild án tillits til þess hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á þjónustunni.
- Að innflytjendur öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu í hverju sveitarfélagi.

Tillögur að leiðum felast meðal annars í lagasetningu og stoðþjónustu vegna innflytjendamála. Þá er kveðið á um verkaskiptingu og samstarf ríkis og sveitarfélaga um upplýsingagjöf og móttöku innflytjenda.

### **Tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga:**

- Ríkið beri ábyrgð á fyrstu upplýsingagjöf til innflytjenda áður en þeir flytja til landsins og fyrst eftir komuna til landsins. Ríkið hafi samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um framsetningu upplýsinga um þjónustu sveitarfélaga.

- Móttaka innflytjenda, sem íbúa í sveitarfélögum, og aðlögun þeirra sé á ábyrgð sveitarfélaga í samstarfi við þjónustustofnanir ríkisins, atvinnurekendur og félagasamtök á svæðinu, enda fái sveitarfélög fjárveitingar til að standa undir þessu nýja verkefni.
- Á svæðum þar sem innflytjendur eru margir getur verið þörf á því að reka svæðisbundna sérhæfða þjónustustofnun við innflytjendur, sbr. rekstur Alþjóðahúss á höfuðborgarsvæðinu.
- Eðlilegt er að ríkið komi að rekstri slíkra stofnana með sveitarfélögum, enda lýtur þjónustan bæði að starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi er ástæða til að benda á að langflestar fyrirsprurnir innflytjenda til Fjölmenningsseturs og Alþjóðahúss varða þjónustu ríkisins.

*Nánari upplýsingar um tillögur að stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga á [www.samband.is](http://www.samband.is)*

## Verkefni ríkisins

Félags- og tryggingamálaráðherra undirbýr gerð frumvarps til laga um aðlögun innflytjenda sem ætlað er að kveða á um atriði sem almenn löggjöf á einstökum sviðum nær ekki yfir. Við samningu frumvarpsins á að vera tekið mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Á meðal helstu atriða sem taka þarf afstöðu til eru:

- Miðlun upplýsinga til innflytjenda og öflun upplýsinga um innflytjendamál.
- Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi þjónustu við innflytjendur.
- Hlutverk Fjölmenningsseturs, meðal annars sem grunnstofnunar um söfnun, samnýtingu, samræmingu og miðlun upplýsinga.
- Hlutverk þróunarsjóðs innflytjendamála um stuðning við rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála.
- Skyldur opinberra aðila til að útvega túlka og þýðingar þegar gagnkvæmir og ríkir fjárhags-, öryggis-, réttar- eða velferðar-hagsmunir eru í húfi.
- Skylda stjórnvalda til að sinna samfélagsfræðslu og starfi gegn fordómum í garð útlendinga í íslensku samfélagi.
- Mótun kæruleiða í þágu þeirra sem telja á sér brotið vegna trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða ætternis.

Óvíst er hvenær frumvarp til laga verður lagt fram og þó mikilvægt sé að taka mið af tilvonandi frumvarpi til laga við gerð stefnumótunar Reykjavíkurborgar, er slíkt ekki mögulegt að svo stöddu. Gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði verkefni sem Reykjavíkurborg hefur staðið að undanfarin ár lögum samkvæmt á ábyrgð ríkisins.

Reykjavíkurborg hefur að mörgu leyti verið brautryðjandi í innflytjendamálum. Fyrst með Miðstöð nýbúa og svo með stofnun Alþjóðahúss, og síðar þjónustusamningi við Alþjóðahús ehf. Auk þess hefur verið unninn fjöldi verkefna á einstökum fagsviðum borgarinnar.

Samkvæmt þjónustusamningi Reykjavíkurborgar og Alþjóðahúss er hlutverk hússins meðal annars að þjónusta innflytjendur. Sú þjónusta hefur falið í sér að Alþjóðahús sinnir þjónustu sem bæði ríki og önnur sveitarfélög, sem ekki standa að þjónustusamningi, hafa notið góðs af undanfarin ár.

## Saga og þróun málaflokksins hjá Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur lagt sérstaka áherslu á starf í málefnum innflytjenda undanfarna áratugi. Ýmis fjölmenningsarteymi og samráðshópar hafa verið starfandi í málefnum innflytjenda hjá Reykjavíkurborg. Má þar nefna Reykjavíkurteymi um málefni útlendinga sem stofnað var árið 1996. Í því voru fulltrúar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Dagvist barna, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Vinnumiðlun Reykjavíkur, ÍTR/Miðstöð nýbúa, Heilsugæslu Reykjavíkur, Námsflokkum Reykjavíkur og Kvennaathvarfinu.

Fjölmenningsstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði í janúar 2001. Leiðarljós stefnunnar var að reykvískt samfélag fengi notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, vísýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenndu samskipti fólks af ólíkum uppruna. Markmiðin voru m.a. að draga úr fordómum, að tryggja að útlendingar gætu nýtt sér þjónustu borgarinnar til fulls, að börn af erlendum uppruna gætu nýtt sér skólakerfið til jafns við önnur börn, að öllum útlendingum yrði gefinn kostur á íslenskunámi við hæfi, að nýta þyrfti betur þekkingu og menntun útlendinga, að útlendingar þekktu rétt sinn og skyldur og að brugðist yrði við ef brotið væri á fólki vegna uppruna þess.

Samráðsnefnd um fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar var starfandi frá 2001 og hafði þróunar- og fjölskyldusvið eftirlit með að fylgja henni eftir. Verkefni samráðsnefndarinnar voru m.a. að fylgja eftir stefnu borgarinnar og að tryggja nauðsynlegt samráð milli stofnana Reykjavíkur og að gera árlegt stöðumat.

Alþjóðahúsið var stofnað í desember 2001, upphaflega sem einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar og Seltjarnarnesbæjar en frá og með 1. febrúar 2003 varð Alþjóðahúsið einkahlutafélag í eigu Reykjavíkurseildar Rauða kross Íslands með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðar-kaupstað, Kópavogsbæ og Seltjarnarnesbæ. Reykjavíkurborg var stærsti eigandi Alþjóðahúss við stofnun og tók það við starfsemi Miðstöðvar nýbúa auk annarra verkefna. Miðstöð nýbúa hafði verið rekin af ÍTR.

Árið 2006 tók sjálfseignarstofnunin Cosmos við eignarhlut Reykjavíkurseildar Rauða krossins í Alþjóðahúsinu sem dró sig alfarið út úr starfseminni.

Samkvæmt stjórnarsýslubreytingum sem tóku gildi í Reykjavík 1. júní 2005 varð Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða gerð að þekkingarmiðstöð fyrir fjölmenningu. Hlutverk hennar var að:

- vera frumkvöðull á sínu sviði, bæði í þróun nýbreytni og vinnulags.
- gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum þjónustumiðstöðum, miðla þekkingu og upplýsingum til fagfólks annarra þjónustumiðstöðva.
- vera tengiliður við fagsvið vegna stefnumótunar og annarra verkefna af því tagi.
- vera tengiliður við aðrar stofnanir og hagsmunahópa vegna síns sérsviðs.

Teymisvinna hefur verið unnin þvert á svið Reykjavíkurborgar allt frá árinu 1996, eins og áður kom fram. Árið 2005 sátu fulltrúar frá eftirfarandi stofnunum í teyminu: Alþjóðahúsi, Félagsþjónustunni í

Reykjavík, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Leikskólum Reykjavíkur, ÍTR, Félags-þjónustunni í Kópavogi, Námsflokkum Reykjavíkur, Rauða krossi Íslands, landlæknisembættinu, Tryggingastofnun ríkisins, félagsmálaráðuneytinu, Kvænnaathvarfinu, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, Útlendingastofnun, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Lögreglunni í Reykjavík, Miðstöð heilsuverndar barna og Þjóðkirkjunni.

Fjölmenningarteymið er enn að störfum í dag, í breyttri mynd, en í því sitja nú aðilar frá fyrrnefndum stofnunum, auk félagsmálaráðuneytisins og Fjölmenningarseturs. Nafn teymisins og hlutverk hefur breyst í samræmi við þetta. Teymið er þó ekki formlega skipað né hefur umboð frá sínum stofnunum.

Í gegnum árin hafa jafnframt verið starfandi teymi í málaflokknum innan og á milli einstakra fagsviða Reykjavíkurborgar. Það er óhætt að segja að einstakir sérfræðingar sem starfað hafa hjá borginni hafi verið drifkraftur á bak við gott starf í málaflokknum. Við kortlagningu kom í ljós að heilmiklu hefur verið áorkað í málaflokknum undanfarinn áratug, ekki síst fyrir tilstilli áhugasamra starfsmanna Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að þakka það starf um leið og framhaldið er fest í sessi og verkefni og hlutverkaskipting innan Reykjavíkurborgar verði formfest.

## VERKÁÆTLUN

Í þeirri verkáætlun sem hér er lögð fram er farið yfir þau verkefni sem Reykjavíkurborg hefur höndum og snúa að innflytjendum. Hér er um að ræða hvort veggja lögbundna þjónustu og valkvæða á vegum sveitarfélaga. Áhersla er á verkefni þar sem verkaskiptingin er óljós og bæta þarf þjónustu. Stuðst var við kortlagningu á verkefnum Reykjavíkurborgar í innflytjendamálum sem gerð var á árunum 2007-2008.

Í þeirri miklu mótun og þróun sem málaflokkur innflytjenda er, mun verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga að öllum líkindum breytast, ekki síst með tilkomu nýrra laga um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Verkáætlunin er unnin eftir mikið starf í skoðun og samræmingu á þeim ótalmörgu verkefnum sem nú eru unnin innan Reykjavíkurborgar. Þar kom fram að nauðsynlegt er að móta betur ferla í einstökum málum og skýra ábyrgð og samstarfsaðila einstakra verkefna.

### 1. HLUTI VERKÁÆTLUNAR

Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í móttöku nýrra íbúa til landsins. Í þessum hluta eru settar niður áætlanir sem miða að því að bæta móttökuferli nýrra íbúa til Reykjavíkur.

#### 1. Móttaka og skráning nýrra íbúa

Réttur innflytjenda til þjónustu sveitarfélags miðast við lögheimilisskráningu. Forsenda þess að bæta móttökuferli hjá Reykjavíkurborg er að þjónustustofnanir borgarinnar fái upplýsingar um flutning fólks til sveitarfélagsins jafnóðum og tilkynningar berast um nýja íbúa.

Samkvæmt stöðulýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið misbrestur á lögheimilisskráningu fólks til sveitarfélaga á landinu. Sveitarfélög hafa þurft að kaupa þessar upplýsingar frá Þjóðskrá eða frá þriðja aðila. Upplýsingar um lögheimilisskráningar og breytingar á skráningum eru að berast sveitarfélögum seint, sem skerðir eða hamlar þjónustu til nýrra íbúa. Reykjavíkurborg er með samning við Þjóðskrá um afnot af nafnaskrám Þjóðskrár á tölvutæku formi – grunnskrá með viðbótarupplýsingum, horfinnaskrá og utangarðsskrá sem uppfærast daglega. Þessar skrár er hægt er að nýta til að bæta móttökuferli sveitarfélagsins. Hafa ber í huga að í einstaka tilfellum geta verið tafir á umsóknum og útgáfu kennitölu, samanber umsóknir sem eru til meðferðar hjá Útlendingastofnun. Einstæðir foreldrar geta ekki fengið kennitölu fyrir börnin sín nema þeir sýni að þeir hafi forsjá barnanna og/eða samþykki hins foreldrisins. Af ofangreindum ástæðum geta orðið tafir á úthlutun kennitölu. Eins geta EES-borgarar verið á landinu í sex mánuði í atvinnuleit án þess að skrá sig.

Lagt er til að stofnanir sem veita lögbundna og valkvæða þjónustu hjá Reykjavíkurborg fái reglulega (fyrirfram skilgreindar) skrár með upplýsingum um flutning fólks til sveitarfélagsins (á rauntíma, þegar þær berast til Þjóðskrár).

Móttaka upplýsinganna skal vera á ábyrgð skilgreindra aðila hjá hverri stofnun og mega eingöngu vera nýttar í þeim tilgangi að auka þjónustustig Reykjavíkurborgar til innflytjenda og nýrra íbúa, til dæmis með dreifingu upplýsingabæklinga, kynningarrita og fræðslufunda á vegum stofnana Reykjavíkurborgar. Umsýsla með skrár þarf að samræmast lögum um persónuvernd, s.s. að aðeins tiltekinn/-nir einstaklingur/-ar hafi aðgang að henni, hún sé varðveitt á öruggu svæði og varin með aðgangsorði eða dulkóðun.

Dæmi um nýtingu á skrá:

- Þjónustuver Reykjavíkurborgar fái skrá yfir einstaklinga og fjölskyldur sem flytjast til Reykjavíkur.
- Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík fái skrá yfir börn, einstaklinga og fjölskyldur sem tilheyra þeirra hverfi. Nýskráningar berist reglulega.
- Menntasvið Reykjavíkurborgar fái skrá yfir öll börn á aldrinum 6-16 ára sem eru skráð í sveitarfélagið.
- Leikskólasvið fái skrá yfir öll börn á aldrinum 0-6 ára sem eru skráð í sveitarfélagið.
- ÍTR fái skrá yfir fjölda barna á frístundaraldri eftir hverfum.

Jafnskjótt og skrárnar hafa þjónað tilgangi sínum, t.d. að sent hefur verið út fræðslufni, boðað til fræðslufunda o.þ.h., verði þeim eytt.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustuskrifstofa*

*Samstarfsaðilar: UTM, þjónustumiðstöðvar, leikskólasvið, menntasvið og ÍTR*

## 2. Upplýsingamiðlun

Mikilvægt er að tryggja aðgengismál gagnvart innflytjendum. Nýir íbúar koma frá ólíkum málsvæðum og fjöldi einstaklinga eftir ríkisfangi er mjög mismunandi. Aðgengi þeirra að upplýsingum er einnig með ólíkum hætti. Á sama tíma hefur umfang upplýsingamiðlunar hjá Reykjavíkurborg vaxið gríðarlega og nokkur skortur hefur verið á samræmingu á miðlun upplýsinga.

Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða aðili hjá Reykjavíkurborg beri ábyrgð á miðlun upplýsinga til innflytjenda og nýrra íbúa. Þá er mikilvægt að upplýsingar séu settar fram heildstætt út frá þörfum íbúans, hvort sem um ræðir erlendan eða íslenskan ríkisborgara, en ekki út frá þjónustuskiptingu sviðanna. Gera má ráð fyrir að nýir íbúar þekki ekki stjórnskipulag Reykjavíkurborgar, frekar en verkaskiptingu milli ríkis eða sveitarfélaga.

Upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar þurfa einnig að vera aðgengilegar hjá aðilum er sérhæfa sig í þjónustu og miðlun upplýsinga til innflytjenda og nýrra íbúa sveitarfélaganna, samanber Alþjóðahús og Fjölmenningssetur. Tryggja þarf að upplýsingar skili sér frá borginni til þeirra aðila er sérhæfa sig í miðlun upplýsinga til innflytjenda.

Hér eru settar fram nokkrar tillögur sem miða að því að bæta upplýsingamiðlun til nýrra íbúa.

### a) Aðgengi að rafrænni Reykjavík - sjálfsafgreiðsla á netinu

Umsóknareyðublöð á rafrænni Reykjavík verði þýdd og gerð aðgengileg á vefsíðu Reykjavíkurborgar, hjá þjónustu-miðstöðvum og í þjónustuveri. Eins og staðan er í dag takmarkast aðgengi að rafrænni Reykjavík við einstaklinga sem hafa gott vald (yfir meðallagi) á íslensku. Þjónustumiðstöðvar hafa aðstoðað fólk við að fylla út eyðublöð, með tülki. Með því að þýða umsóknareyðublöð og láta útskýringar fylgja með á viðkomandi tungumáli er hvort tveggja verið að bæta aðgengi íbúa að þjónustunni og hagræða verulega í þjónustu. Leitað verði leiða til að gefa fólki kost á að svara eyðublöðum á sínu tungumáli.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustuskrifstofa*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, fagteymi upplýsingafulltrúa*

### b) Upplýsingabæklingur

Gefinn verði út annars vegar kynningarbæklingur og hins vegar póstkort um Reykjavíkurborg og þjónustu hennar.

- Bæklingur með upplýsingum um þjónustu Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að setja saman á einn stað greinargóðar upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar. Lagt er til að bæklingurinn verði gefinn út hvort tveggja á prenti og rafrænu formi til útprentunar á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Bæklingar eru fljótir að úreldast og því þarf að vera auðvelt að endurnýja bæklinginn og koma í umferð.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustuskrifstofa og teymi upplýsingafulltrúa*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöðvar*

### c) Póstkort

- Póstkort eftir hverfaskiptingu Reykjavíkurborgar. Póstkortum verði dreift á umdæmi hvernar þjónustumiðstöðvar og jafnframt sett inn á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Orðið „Velkomin“ verði á algengustu tungumálum nýrra íbúa, með ljósmynd af þjónustumiðstöð viðkomandi hverfis, með korti af nærumhverfi þjónustumiðstöðvar og þjónustustofnunum hverfisins.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, þjónustuskrifstofa og Alþjóðahús*

Hafa þarf í huga að:

- upplýsingar séu settar fram á einföldu og aðgengilegu máli.

- áhersla sé lögð á myndræna framsetningu meðfram texta.
- tryggt sé að upplýsingabæklingur verði aðgengilegur og sýnilegur hjá öllum þjónustustofnunum Reykjavíkurborgar, Alþjóðahúsi, Fjölmenningarsetri, Vinnumiðlun, Útlendinga-stofnun, Þjóðskrá, á flugvöllum, heilsugæslustöðvum, bókasöfnum, í sundlaugum, Kvennaathvarfi og hjá öllum helstu aðilum.

Heildstæður upplýsingabæklingur fyrir innflytjendur er gefinn út af félags- og tryggingamálaráðuneytinu undir heitinu *Fyrstu skrefin*. Þjónustu sveitarfélaga þyrfti að gera betri skil í bæklingnum. Markmiðið með útgáfu hans er að veita innflytjendum allar nauðsynlegustu upplýsingar um íslenskt samfélag strax við komuna til landsins. Í bæklingnum er meðal annars fjallað um kennitölu, dvalarleyfi, atvinnuleyfi, lögheimili, skattkort, tryggingar, félagsþjónustu, heilsugæslu, húsnæði og svo framvegis. Auk íslensku er hann á níu tungumálum: Ensku, pólsku, litháísku, víetnömsku, rússnesku, taílensku, þýsku, spænsku og serbnesku.

#### **d) Kynningarfundir/fræðslufundir um þjónustu Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að þjónustumiðstöðvar (Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Þjónustumiðstöð Breiðholts) haldi með reglulegu millibili kynningarfundir um þjónustu Reykjavíkurborgar fyrir nýja íbúa. Boðið verði upp á túlkun. Þannig mætti tryggja markvissari kynningu á þjónustu Reykjavíkurborgar og réttindum og skyldum, til dæmis til fólks frá ákveðnum málsvæðum. Huga þarf að sérstakri stöðu ólæstra einstaklinga og leiðum til að koma til móts við þá.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöðvar, leikskólasvið, menntasvið, ÍTR og stofnanir sem þörf er á hverju sinni*

### **3. Nærþjónusta og ráðgjöf**

Upp koma mál sem krefjast persónulegrar og sérhæfðrar ráðgjafar fagaðila með sérþekkingu á aðstæðum innflytjenda. Mál einstaklinga þarf að meta í hverju tilfalli fyrir sig og tryggja þarf ólíkum þörfum fólks ólíkan farveg. Ef gott framboð er á ólíkum þjónustuþáttum er ekki einungis verið að hagræða í þjónustu heldur einnig verið að mæta þörfum allra íbúa sveitarfélagsins.

Sú persónulega ráðgjöf sem Reykjavíkurborg stendur að er eftirfarandi:

- Þjónustumiðstöðvar: Ráðgjöf og þjónusta þar sem boðið er upp á túlkun þegar við á.
- Síma- og þjónustuver Reykjavíkurborgar.
- Alþjóðahús: Sérhæfð ráðgjöf til innflytjenda hjá Alþjóðahúsinu, samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg.

Á hverjum tíma þarf að tryggja persónulega ráðgjöf til innflytjenda í sama mæli og til annarra íbúa Reykjavíkurborgar. Jafnframt þarf að auka færni starfsfólks í fjölmenningslegum samskiptum og tryggja starfsfólki Reykjavíkurborgar fræðslu með reglulegu millibili. Starfsfólk síma- og þjónustuvers fái þjálfun í samskiptum við erlenda íbúa.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustumiðstöðvar*

*Samstarfsaðilar: Alþjóðahús, þjónustuskrifstofa og þjónustuver*

#### 4. Túlkaþjónusta

Í aðgerðaáætlun ríkisins sem samþykkt var í maí 2008 er gert ráð fyrir heildstæðri úttekt á notkun túlka. Mikilvægt er að slík skoðun fari einnig fram hjá Reykjavíkurborg. Í kjölfarið verði síðan þróaðar verklagsreglur með áherslu á aukna hagræðingu og fagleg vinnubrögð. Kynna þarf verklagsreglur markvisst fyrir öllum stjórnendum og starfsfólki hjá Reykjavíkurborg sem nota og panta túlkaþjónustu. Mikilvægt er að auðvelda mat starfsfólks á því hvenær rétt sé að nota túlk til aðstoðar og hvernig skuli standa að því.

- Handbók – útgáfa verklagsreglna um túlkaþjónustu
- Einblöðungur (leiðbeiningar) fyrir túlka og þjónustuþega sem notaður verði til hliðsjónar í túlkaviðtölum, þýddur á algengustu tungumál.

*Tímaáætlun: 2009*

*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa og nefnd um aðgengismál*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöðvar, menntasvið, leikskólasvið og ÍTR*

#### 5. Þýðingar

Auka þarf samvinnu á þýðingum á upplýsingum innan sviða og á milli þeirra. Stofna þarf samráðshóp um þýðingar á upplýsingum á vegum Reykjavíkurborgar til að samnýta og samræma aðgerðir á milli sviða. Tekið verði mið af stefnu ríkisstjórnarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Eitt af hlutverkum samráðshópsins er að móta miðlæg viðmið um þýðingar á upplýsingum og eyðublöðum sem öll sviðin geta starfað eftir.

Hafa ber í huga að beinar þýðingar á upplýsingatexta geta verið illskiljanlegar. Ef frumtextinn (íslenska) er á flóknu stofnanamáli getur þýðingin orðið flóknari. Þegar gefa á út bæklinga á nokkrum tungumálum, þarf að aðlaga og vinna upplýsingar á viðkomandi tungumáli, en ekki þýða beint.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa, þjónustuskrifstofa*

*Samstarfsaðilar: Teymi upplýsingafulltrúa, Alþjóðahús, félags- og tryggingamálaráðuneyti, Fjölmenningssetur og Samband íslenskra sveitarfélaga*

## 6. Samráðsteymi um málefni innflytjenda

Mannréttindaskrifstofa hefur umboð, samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, til að tilnefna fagaðila innan borgarinnar í samráðsteymi er snúa að málefnum innflytjenda til að fylgja eftir aðgerðaáætlunum í innflytjendamálum. Þetta á einungis við í samráðsteymum þvert á svið og utan borgarkerfisins. Meðal hlutverka mannréttindaskrifstofu er að tryggja samráð stofnana Reykjavíkurborgar, að sú sérfræðipækning sem liggur úti á sviðunum í málefnum innflytjenda skili sér örugglega í samráðsteymi og að samræmd stefna Reykjavíkurborgar sé höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu. Mikilvægt er að niðurstöður samráðsteyma skili sér til fagaðila á öllum fagsviðum borgarinnar og til miðlægrar skrifstofu mannréttindamála.

Mannréttindaskrifstofa vinnur í samráði við mannréttindafulltrúa sviðanna og sviðsstjóra að tilnefningum. Nauðsynlegt er að skilgreina frekar með hvaða hætti teymi í málefnum innflytjenda starfa innan borgarinnar.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa*

*Samstarfsaðilar: Mannréttindafulltrúar og fagsvið borgarinnar*

## 7. Árlegur fjölmeningardagur

Tryggja þarf í sessi fjölmeningardag Reykjavíkurborgar sem unninn var í starfshópi haustið 2008. Hlutverk starfshópsins var að kynna sér með hvaða hætti væri hægt að koma á árlegum fjölmeningardegi í Reykjavík. Starfshópurinn skilaði í framhaldinu inn tillögu um árlegan fjölmeningardag í Reykjavík þar sem Reykjavíkurborg, Alþjóðahús, félagasamtök, hagsmunahópar, fyrirtæki og stofnanir tækju höndum saman.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Reykjavíkurborg og Alþjóðahús*

*Samstarfsaðilar: Félagasamtök, hagsmunahópar, fyrirtæki og stofnanir*

## 2. HLUÐI VERKÁÆTLUNAR

### BÖRN OG UNGMENN: LEIKSKÓLI, GRUNNSKÓLI OG FRÍSTUNÐARSTARF

Reykjavíkurborg, líkt og önnur sveitarfélög í landinu, gegnir mikilvægu hlutverki í móttöku barna og ungmenna til landsins. Reykjavíkurborg, sem fjölmennasta sveitarfélag í landinu, tekur á móti fleiri erlendum ríkisborgurum en nokkurt annað sveitarfélag. Það tekur tíma að aðlaga skólakerfið að breyttum samfélagsaðstæðum og námsþörfum barna sem flytja frá öðru landi og/eða hafa annað móðurmál. Breytt samfélagsmynd kallar á breytta þjónustupörf og það er brýnt að aðlaga skólakerfið eins fljótt og unnt er.

Reykjavíkurborg sinnir annars vegar lögbundinni þjónustu og hins vegar svokallaðri valkvæðri þjónustu fyrir börn og ungmenni. Menntun barna frá 6-16 ára, heyrir undir lögbundna þjónustu en leikskólar, íþróttar- og frístundastarf til 18 ára aldurs heyrir undir valkvæða þjónustu.

#### Leikskólasvið: Börn á aldrinum 0-6 ára

Á leikskólasviði starfar verkefnastjóri/ráðgjafi vegna fjölmenningar í leikskólum. Meðal verkefna hans er að sinna ráðgjöf og fræðslu til leikskóla vegna barna og foreldra af erlendum uppruna. Í því felst meðal annars fræðsla og ráðgjöf um íslensku sem annað tungumál, fjölmenningarlega kennslu og hvernig stuðla megi að gagnkvæmri virðingu og jákvæðum samskiptum í fjölbreyttum barna- og foreldrahópi. Verkefnastjóri heldur námskeið og fræðslufundi fyrir starfsfólk leikskóla þar sem ofangreindir þættir eru til umfjöllunar. Verkefnastjóri hefur jafnframt umsjón með úthlutun fjármagns vegna barna af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar og umsjón með fjölmenningarvef leikskóla, [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is). Verkefnastjóri heldur einnig utan um þýðingar á upplýsingaefni til foreldra og sinnir samstarfi við stofnanir sem hafa með málefni innflytjenda að gera.

Meðal verkefna sem eru nú þegar á dagskrá leikskólasviðs fyrir árið 2009 eða síðar er:

- að útbúa foreldrahandbók þar sem fjallað verður um móttöku og aðlögun í leikskóla og leikskólasterfið fyrir alla foreldra.
- að yfirfara það upplýsingaefni sem er til rafrænt og tryggja gott aðgengi foreldra og starfsfólks að því.
- að stofna starfshóp á leikskólasviði sem mun fara yfir eyðublöð, bæklinga og upplýsingaefni, skoða hvað er til þýtt og láta þýða og prenta það sem upp á vantar.
- að útbúa gagnabanka með þýðingum á skilaboðum milli heimilis og leikskóla.
- að útbúa veggspjöld fyrir leikskóla með skilaboðunum „Velkomin í skólann“ og „Góðan dag“ á mörgum tungumálum og með myndum úr leikskólasterfinu. Markmiðið er að efla jákvætt viðhorf til fjölbreytileikans undir slagorðinu „Fögnum fjölbreytni“.
- að uppfæra og bæta stöðugt fjölmenningarvefinn [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) og senda jafnóðum upplýsingar til leikskóla um nýjar upplýsingar á vefnum.

Skref í starfsáætlun 2009:

- Setja af stað þróunarverkefni um borgaravitund sem byggir m.a. á mannréttindastefnu borgarinnar.
- Nýta niðurstöður könnunar um þátttöku barna og fullorðinna af erlendum uppruna í leikskólastarfi.
- Móta reglur og viðmið um þýðingar.
- Auka samstarf milli leikskóla með yfir 25% hlutfall barna af erlendum uppruna. Einnig að auka ráðgjöf og fræðslu til þessara leikskóla.
- Efla þekkingu starfsfólks á fjölmennningarlegu leikskólastarfi og kennslu í íslensku sem öðru máli. Slíkt yrði gert með námskeiðum, og fræðslufundum annars vegar og ráðgjöf inni í leikskólunum hins vegar.
- Kanna hvernig leikskólar nýta sér námsefni um fjölmenningu og íslensku sem annað mál og matslista vegna íslensku sem annars máls.

**Tillögur að frekari skrefum:**

### **1. Fræðsla til erlendra foreldra**

Það hefur grundvallaráhrif á þroska barna og gengi þeirra í skóla að foreldrar þeirra fái stuðning til þess að örva og kenna móðurmálið. Nauðsynlegt er að koma á samstarfi um fræðslu til foreldra. Skoða þarf hvort hægt sé að bjóða upp á foreldranámskeið í upphafi leikskóla- eða grunnskólagöngu barna.

*Tímaáætlun: 2009*

*Ábyrgð: Leikskólasvið*

*Samstarfsaðilar: Alþjóðahús, Félag móðurmálskennara, heilsugæslan, velferðarsvið, menntasvið og ÍTR*

## Menntasvið: Börn á aldrinum 5-16 ára

Á menntasviði er starfandi verkefnastjóri sem meðal annars hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnumótun menntaráðs í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Jafnframt annast hann úthlutun fjármagns til grunnskólanna vegna kennslu þessara nemenda.

Uppbygging menntasviðs er ólík uppbyggingu leikskólasviðs að því leyti að hver og einn grunnskóli er sjálfstæðari. Samræmdar reglur eru til um móttökuáætlun og úthlutun fjármagns til íslenskukennslu.

Um árabíl voru þrjár móttökudeildir starfandi í borginni: Í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla og Háteigsskóla, en nú er gert ráð fyrir að nemendur sæki sinn heimaskóla. Skólum er frjálst að vera með sérstakar móttökudeildir óski þeir þess. Austurbæjarskóli var um árabíl móðurskóli í fjölmenningslegri kennslu en í því felst m.a. að skólinn gegni ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum í borginni.

Mismikið starf fer fram innan skóla sem snýr að móttöku og kennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Fer það einkum eftir fjölda nemenda með annað móðurmál en of langt mál yrði að telja upp öll þau góðu verk sem unnin eru á forræði hvers skólastjórnanda.

Starfandi er tungumálaver í Laugarlækjarskóla. Markmið tungumálavers er þríþætt: Að veita kennurum og skólum ráðgjöf og fræðslu um kennsluhætti er stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og nemendasjálfstæði í tungumálum með aðstoð tæknimiðla og með staðbundnu námi fyrir yngri nemendur. Tungumálaverið býður nemendum upp á einstaklingsmiðað netnám í ensku, dönsku, sænsku, norsku, pólsku og tagalog og auk þess staðbundið nám í sænsku og norsku fyrir yngri nemendur.

Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að hver skóli skuli móta sér áætlun um innritun og móttöku nemenda sem eru innflytjendur. Menntasvið Reykjavíkur gaf út handbók um móttöku innflytjenda í grunnskólum í Reykjavík í maí 2008. Markmið handbókarinnar er að veita starfsfólki grunnskóla Reykjavíkur upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun nemenda með annað móðurmál. Í henni er gátlisti með hagnýtum upplýsingum til að gera móttökuna sem faglegasta og auðveldasta fyrir nemendur, foreldra, skólastjórnendur og aðra sem að henni koma. Þá hefur verið gefinn út upplýsingabæklingur fyrir foreldra grunnskólanema með annað móðurmál á tólf tungumálum. Á vefsíðu menntasviðs hefur verið safnað saman gagnlegum upplýsingum fyrir foreldra með annað móðurmál og þar á meðal er að finna á nokkrum tungumálum safn skilaboða á milli skóla og foreldra.

**Tillögur að frekari skrefum:****1. Ráðgjöf í málefnum tvítyngdra barna**

Samkvæmt lögum um grunnskóla er öllum börnum heimilt að stunda nám í sínum heimaskóla. Fjölmennarleg kennsla krefst ákveðinnar sérþekkingar og viðhorfa sem ekki er hægt að búast við að allir kennarar hafi tileinkað sér. Sérstaklega á þetta við þar sem fáir nemendur með íslensku sem annað mál eru í hverfisskóla. Til að mæta þörf kennara og starfsfólks fyrir leiðsögn og ráðgjöf þyrfti að tryggja þeim greiðan aðgang að ráðgjöfum í þessum málaflokki, sem til dæmis gætu verið staðsettir í tungumálaveri Laugalækjarskóla eða í öðrum stofnunum. Einnig er mikilvægt að kennarar hafi aðgang að miðlægum kennslugögnum og fræðslu um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Menntasvið*

*Samstarfsaðilar: Grunnskólar í Reykjavík og þjónustumiðstöðvar*

**2. Fjölgun tvítyngdra kennara og tvítyngds starfsfólks í skólum**

Hvetja þarf til ráðningar tvítyngdra kennara og tvítyngds starfsfólks í skólunum og vekja athygli fólks á mikilvægi þeirrar þekkingar. Tvítyngdir/fjöltýngdir kennarar og starfsfólk er mikilvæg þekkingarauðlind sem er nauðsynlegur hlekkur í skólakerfinu.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Menntasvið*

*Samstarfsaðilar: Grunnskólar í Reykjavík, mannauðsfulltrúar og menntavísindasvið Háskóla Íslands*

**3. Endurskoðun á úthlutunarreglum og matstækjum**

Endurskoða þarf reglulega viðmið vegna úthlutunarreglna. Í Reykjavík eru í gildi *Viðmið um úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna* frá árinu 2006. Menntasvið úthlutar til skólanna einu sinni á önn í samræmi við upplýsingar sem skólarnir senda inn í október og í mars. Úthlutað er á einstaklinga óháð því hvort þeir eru í móttökudeild eða heimaskóla. Viðmiðin voru þann 31.12.2008 eftirfarandi:

1. Nemendur á fyrsta og öðru ári á Íslandi fá úthlutun til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli að upphæð 314 þúsund kr. á ári.
2. Nemendur á þriðja og fjórða ári á Íslandi og þeir nemendur á fimmta og sjötta ári á Íslandi sem hafa tónamál eða önnur fjarskyld mál íslenskunni sem fyrsta mál fá úthlutun til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli að upphæð 157 þúsund kr. á ári.
3. Tvítyngd börn, þar sem annað foreldri er íslenskt, og búseta erlendis hefur varað fimm ár eða lengur fá úthlutun til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli að upphæð 78.500 kr. á ári.

Til samburðar má benda á að ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ákveður ár hvert hver upphæðin skal vera vegna nýbúaframlaga. Voru þau 110.000 kr. á hvern nemanda fyrir fjárhagsárið 2008 og gert er ráð fyrir að framlagið verði hið sama fyrir fjárhagsárið 2009. Ekki er þó endanlega búið að ganga frá því. Þeir sem fá úthlutað eru þeir nemendur sem skólinn og kennsluráðgjafi telja að hafi þörf fyrir kennsluna og njóti síðan sannanlega kennslunnar.

Full þörf er á að endurskoða viðmiðin hjá borginni og upphæðirnar enda hafa þau haldist óbreytt frá 2006. Um það má deila hvort viðmiðin tryggji þeim nemendum sem mest þurfa á að halda nauðsynlegan stuðning í íslenskunáminu. Mikilvægt er að skoða hvort hægt væri að styðjast við mælitæki sem legði mat á raunverulega stöðu viðkomandi nemenda í íslensku, styrkleika og veikleika.

**Mat á íslenskukunnáttu:** Fagaðilar þyrftu að rannsaka þau matstæki sem þegar eru fyrir hendi bæði hér á landi og annars staðar og finna tækin sem eru best til þess fallin að greina stöðu nemenda í íslensku. Mikilvægt er að meta kunnáttu nemendanna til að þekkja stöðu þeirra í íslensku og byggja kennsluna á henni. Þessi matstæki þyrftu að kynna vel og gera ráð fyrir að sambærileg viðmið verði notuð í öllum skólum. Einnig þarf að skoða hvort þessi matstæki geti verið tengd við úthlutunarreglur.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Menntasvið Reykjavíkurborgar*

*Samstarfsaðilar: Grunnskólar í Reykjavík, leikskólasvið*

#### 4. Eftirfylgni við stefnu menntaráðs um farkennara

Farkennarateymi hefur verið sett á stofn í tengslum við tungumálaver Laugalækjarskóla. Þar starfa nú þrjú kennarar í hlutastarfi sem hafa pólsku og tagalog að móðurmáli. Markmiðið er að auka við þá starfsemi og bæta við fleiri kennurum. Hlutverk farkennara felst fyrst og fremst í því að styðja við nemendur sem hafa önnur móðurmál en íslensku og þurfa á náms- og félagslegum stuðningi að halda. Meginmarkmið stuðningsins er að auðvelda aðlögun að íslensku skólakerfi, styðja við íslenskunám og tryggja eðlilega námsframvindu nemenda. Þetta er unnið í náninni samvinnu við skólann.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Menntasvið/Laugalækjarskóli*

#### 5. Heimanám

Tveir skólar, Austurbæjarskóli og Fellaskóli, hafa fengið sérstakt fjármagn til að veita nemendum með annað móðurmál sérstakan stuðning í heimanámi. Mikilvægt er að árangur þess starfs sé metinn með það í huga að hægt verði að ákveða framhald starfsins og hvort og hvernig ætti að miðla því til annarra skóla. Nauðsynlegt er að skoða nýjar útfærslur á slíkum stuðningi (sjá verkefni Borgarbókasafns síðar).

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Menntasvið*

*Samstarfsaðilar: Austurbæjarskóli og Fellaskóli*

## 6. Vinnuskóli Reykjavíkur og málræktin

Vinnuskóli Reykjavíkur stendur meðal annars að vinnu fyrir unglunga á sumrin og atvinnutengdu námi á veturna. Meðal verkefna þeirra er málrækt í sumarvinnu. Það er verkefni sem miðar að því að styrkja nýja Íslendinga með markvissri kennslu í íslensku máli, menningu og náttúru í gegnum ýmsa fræðslu og vettvangsferðir. Á sama tíma er lögð áhersla á að nemendurnir leggi rækt við rætur sínar, sögu og menningu upprunalanda sinna.

Sérstaða Vinnuskóla Reykjavíkur er að skólinn er ekki skólaskyldur og vinnur ekki samkvæmt lögskipaðri námskrá. Skólanum er skylt að taka við öllum nemendum sem skrá sig til sumarvinnu á aldrinum 13-16 ára. Vinna nemenda er þýðingarmikil fyrir borgina og útmörkina og fá nemendur greitt fyrir vinnuframlag sitt. Nemendur fá fræðslu sem fer að mestu leyti fram úti á vettvangi.

Undanfarin sumur hafa allir 14 ára unglingar í Vinnuskóla Reykjavíkur tekið þátt í fræðslustundum Alþjóðahúss. Hver fræðslustund hefur staðið í um það bil 3 klukkustundir og er markmið fræðslunnar að efla og styrkja færni nemenda í að búa í fjölmenningslegu samfélagi, þar sem meðal annars er fjallað um ýmsa þætti eins og fjölmenningu, fordóma, staðalímyndir, virðingu, umburðarlyndi, mannúð, réttlæti og óréttlæti með fyrirlestrum, leikjum og verkefnum.

## Sameiginlegar tillögur fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf

### 1. Skráning barna til sveitarfélags

Bæta þarf úr skráningum barna til sveitarfélagsins. Sveitarfélagið verður að vita af tilvist barns til að geta tekið vel á móti því. Skráning barna í skóla miðast við lögheimilisskráningu í sveitarfélagið. Reykjavíkurborg vinnur að því að tryggja að nýskráningar barna til sveitarfélagsins skili sér jafnóðum til borgarinnar frá Þjóðskrá, svo að móttökuáætlun geti farið af stað fyrir. Sjá tillögur í 1. hluta verkáætlunar.

*Tímaáætlun: 2009*

*Ábyrgð: Leikskólasvið og menntasvið*

*Samstarfsaðilar: ÍTR, UTM og þjónustumiðstöðvar*

### 2. Tryggja börnum sem bíða eftir kennitölu menntun

Menntasvið Reykjavíkur lítur svo á að ný lög um grunnskóla frá 2008 hafi tryggt börnum sem bíða eftir kennitölu aðgang að grunnskólum. Fimmtu grein grunnskólalaganna er ætlað að tryggja öllum

börnum skólagöngu, hvort sem þau eru með kennitölu eða ekki. Kennitölu fá einstaklingar þegar þeir hafa fengið lögheimili hér á landi.

*Tímaáætlun: 2009-2012*  
*Ábyrgð: Leikskólasvið og menntasvið*  
*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöðvar*

### 3. Upplýsingar fyrir börn og fullorðna

Upplýsingar um nám og frístundastörf fyrir börn og ungmenni þurfa að vera aðgengilegri fyrir alla.

- Útgáfa bæklingisins *Velkomin til Reykjavíkur*. Þar verður stór hluti tileinkaður menntamálum (sjá 1. hluta verkáætlunar).
- Á árunum 2009-2012 verði gefið út lifandi fræðsluefni um nám og frístundir, þar sem hægt er að velja á milli talsetningar á nokkrum tungumálum. Leitað verði eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fjölmenningarsetur og Alþjóðahús.

Upplýsingamiðlun um leikskóla, grunnskóla og frístundir þarf að miðast við börn jafnt sem fullorðna. Það er ekki síður mikilvægt að börn fái fræðslu um nýjan skóla.

*Tímaáætlun: Á tímabilinu 2009-2012*  
*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa, Íþrótt- og tólmundaráð og menntasvið Reykjavíkurborgar*  
*Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Fjölmenningarsetur, Alþjóðahús, ÍBR og ÍSÍ*

### 4. Foreldrasamstarf og samvinna

Auka þarf samstarf og samvinnu milli heimilis, skóla og frístundastarfs, sérstaklega við erlenda foreldra sem þekkja ekki af eigin raun íslenskt skólakerfi og frístundastarf og allar þær skráðu og óskráðu reglur sem þar eru. Finna þarf leiðir til að hvetja foreldra af erlendum uppruna til aukinnar þátttöku í foreldrastarfi, ekki síst þegar foreldrar frá fjarlægum málsvæðum eiga í hlut.

Skoða þarf þátttöku erlendra foreldra í foreldrasamstarfi og hvort erlendir foreldrar séu í foreldraráðum eða stjórnnum foreldrafélaga. Nauðsynlegt er að skilgreina leiðir fyrir stjórnendur, kennara og starfsfólk til að hafa samskipti við erlenda foreldra og hvort eða hvernig leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og frístundastarf geta tengt saman foreldra af erlendum og innlendum uppruna.

*Tímaáætlun: Á tímabilinu 2009-2012*  
*Ábyrgð: Leikskóla- og menntasvið, ÍTR*  
*Samstarfsaðilar: ÍBR, Samfok, menntavísindasvið Háskóla Íslands*

## 5. Brotthvarf: Samstarf og samfella milli skólastiga

Mikið brotthvarf er úr skóla meðal nemenda með annað móðurmál. Ríkið ber ábyrgð á framhaldsskólanum en það er mikilvægt að skoða hvernig sveitarfélög geta stutt og þróað leiðir til að styðja sérstaklega við börn með annað móðurmál en íslensku og til að tryggja áframhaldandi skólagöngu þeirra eftir að skyldunámi lýkur. Skólakerfið þarf að sífellt að huga að síbreytilegum samfélagsaðstæðum og námsþörfum barna sem flytja frá öðru landi og hafa annað móðurmál.

Grunnskólar í Reykjavík sem útskrifa nemendur með annað móðurmál en íslensku verði hvattir og studdir til samstarfs við viðeigandi framhaldsskóla, með það fyrir augum að fylgja nemandanum eftir fyrsta árið/fyrstu árin. Slíkt samstarf gæti verið af ýmsum toga, t.d. aðstoð við heimanám, teymi um nemendahópa skipað kennurum grunnskólans og framhaldsskólans og svo framvegis. Jafnframt bjóði grunnskólar upp á foreldraviðtöl í tengslum við námsmat í 10. bekk, þar sem farið er fyrir mögulegt framhaldsnám og hugað að heppilegum námsleiðum í framhaldsskóla fyrir nemandann.

Til umræðu er að hefja tilraunaverkefni um rekstur Reykjavíkurborgar á einum framhaldsskóla í borginni og samstarfshópur er starfandi með fulltrúum menntasviðs og menntamálaráðuneytis. Slíkt tilraunaverkefni gæfi borginni tækifæri til að þróa leiðir til að auka samfellu milli skólastiga og stuðla að minna brottfalli meðal nemenda af erlendum uppruna.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Leikskólasvið og menntasvið*

*Samstarfsaðilar: Menntavísindasvið Háskóla Íslands og menntamálaráðuneyti*

## 6. Túlkaþjónusta

Samkvæmt grunnskólalögum skulu skólar leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Túlkaþjónustuna þurfa skólarnir sjálfir að greiða en miða skal við að túlkun sé ávallt í boði þurfi túlkunar við. Í 1. hluta verkáætlunar er fjallað um verklagsreglur í túlkaþjónustu.

## 7. Sérfræðingateymi í málefnum erlendra barna

Sett verði á laggirnar formlegt sérfræðingateymi í málefnum erlendra barna hjá leikskólasviði, menntasviði, ÍTR, Vinnuskólanum, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða ásamt kennsluráðgjafa staðsettum í Þjónustumiðstöð Breiðholts í þeim tilgangi að samræma aðgerðir og stuðla að auknu samráði á milli sviða.

*Tímaáætlun: 2009*

*Ábyrgð: Menntasvið*

*Samstarfsaðilar: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Breiðholts, leikskólasvið, ÍTR, Vinnuskólinn í Reykjavík og kennsluráðgjafar*

## 8. Fræðsla og þjálfun starfsfólks í barnavernd

Starfsfólk í barnavernd fá fræðslu og faglegan stuðning í málefnum erlendra barna. Móta þarf verkferil þar sem sérfræðingar í málefnum erlendra barna og fjölskyldna verði fagfólki í barnavernd innan handar í ráðgjöf og fræðslu.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða*

*Samstarfsaðilar: Alþjóðahús*

## 7. Fordóma- og samfélagsfræðsla

Fræðsla er besta vörnin gegn fordómum. Skipulögð fræðsla inni í grunnskólunum skilar sér án efa í minni fordómum í garð innflytjenda. Gildi slíkrar vinnu felst í meira umburðarlyndi gagnvart nemendum með annað móðurmál, þeim sem tilheyra minnihlutahópum og almennt auknum skilningi á mismunandi aðstæðum fólks. Nauðsynlegt er að meta á hverjum tíma þörf fyrir slíka fræðslu. Á umbrotatímum má gera ráð fyrir að auka þurfi slíka fræðslu. Fræðsla þessi þyrfti fyrst og fremst að beinast að börnum og unglíngum og ekki síst horfa til jafningjafræðslu í því samhengi.

Í skólunum þarf að taka sérstaklega fyrir:

- Fordóma, umburðarlyndi, margbreytileika, t.d. varðandi uppruna, útlit, trúarbrögð, fatlanir og svo framvegis.
- Að umgangast innflytjendur sem ekki tala neina íslensku, hvernig gerir maður það?
- Aðstoð og ráðgjöf til kennara við gerð kennsluáætlana þar sem fjölmennningarleg fræðsla kemur fyrir, við gerð námsefnis og skipulagningu kennslustunda.
- Stuðningur við skólastarf þar sem fordómar koma upp.

*Tímaáætlun: 2009*

*Ábyrgð: Mannréttindaskrifstofa, menntasvið og ÍTR*

*Samstarfsaðilar: Alþjóðahús*

## 8. Rannsóknir

Efla þarf rannsóknir á því hvernig leikskólinn, grunnskólinn og frístundastarf er í stakk búið til að vinna með fjölbreyttan barnahóp, sinna samstarfi við foreldra sem tala ekki íslensku og kenna íslensku sem annað tungumál. Einnig þarf að efla rannsóknir á því hvernig foreldrar upplifa leikskóla- og grunnskólagöngu barna sinna.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Leikskólasvið, menntasvið, ÍTR*

*Samstarfsaðilar: Menntavísindasvið Háskóla Íslands*

## 9. Íþrótt- og tómstundamál

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) starfrækir sundlaugar, íþróttamiðstöðvar, ylströndina í Nauthólsvík, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og fjölmörg önnur verkefni sem tengjast íþrótt- og æskulýðsstarfi í borginni. Í hverju þjónustuverfi rekur ÍTR frístundamiðstöð sem hefur yfirumsjón með starfsemi fyrir börn og unglunga. Í því felst rekstur félagsmiðstöðva fyrir 13-16 ára unglunga, tómstundastarf fyrir 10-12 ára börn, frístundaklúbbar og frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn. ÍTR rekur jafnframt sjö sundlaugar og fjórar íþróttamiðstöðvar. Starfsemi ÍTR er valbundin þjónusta (ekki lögbundin þjónusta, sbr. skóla). ÍTR mótaði stefnu í málefnum fólks af ólíkum uppruna árið 2000. Í þeirri stefnu var horft til hlutverks ÍTR sem þjónustustofnunar í frítímanum. Margt hefur áunnist hjá ÍTR á undanförunum árum, nefna má að ÍTR hefur búið til vinnureglur um notkun túlka og sérstakt umsóknareyðublað þar um. Búið er að þýða algengustu skilaboð frístundaheimilanna til foreldra. Skilaboðin eru þýdd á ensku, litháísku, pólsku, spænsku og tailensku. Frístundamiðstöðin Kampur var stofnuð árið 2007 og er þekkingarmiðstöð í málefnum innflytjenda í tómstunda- og æskulýðsmálum. Þá eru fjölmörg verkefni á teikniborðinu sem hafa það markmið að auka þátttöku erlendra barna í frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg.

Önnur verkefni á dagskrá:

- Endurnýja og móta þarf sérstaka verkáætlun fyrir íþrótt- og tómstundastarf í samvinnu við leikskóla- og menntasvið.
- Auka þarf tengsl við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna málefna innflytjenda.
- Meginmarkmið frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Upplýsingar um kortið eru á fjórum tungumálum en þýða þarf umsóknareyðublöðin og gera aðgengileg á rafrænni Reykjavík og á þjónustumiðstöðvum.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Leikskólasvið, menntasvið, ÍTR*

*Samstarfsaðilar: Menntavísindasvið Háskóla Íslands*

## 10. Fullorðinsfræðsla: Námsflokkar Reykjavíkur

Fullorðinsfræðsla er hluti þeirrar þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir íbúum sínum. Reykjavíkurborg veitir þeim íbúum sem standa höllum fæti annað tækifæri til náms með það fyrir augum að jafna aðgang þeirra að atvinnulífi, símenntun og lýðræðislegri umræðu og auka þannig lífsgæði þeirra.

Námsflokkar Reykjavíkur móti nýjar leiðir í fullorðinsfræðslu til innflytjenda sem standa höllum fæti menntunar- og félagslega, til dæmis með aukinni náms- og starfsráðgjöf til innflytjenda.

Námsflokkar Reykjavíkur gerðu samning við Mími-Símenntun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur sem rann út um áramótin 2008-2009. Unnið er að útfærslu á útgáfu námskorta fyrir íbúa Reykjavíkur sem vilja stunda nám í íslensku. Námskortin gefa nemendum færi á að sækja nám í íslensku á fleiri stöðum, svo lengi sem fræðsluaðilinn vinni eftir samræmdri námskrá menntamálaráðuneytisins og sé viðurkennd menntastofnun. Skoða þarf nánar leiðir til að tryggja fullorðinsfræðslu fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti námslega.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Námsflokkar Reykjavíkur*

*Samstarfsaðilar: Menntasvið, leikskólasvið, mannréttindaskrifstofa og fræðsluaðilar.*

## 11. Borgarbókasafnið og fjölmening

Borgarbókasafnið leggur metnað sinn í að þjóna innflytjendum sem best og hefur að leiðarljósi í því starfi yfirlýsingu IFLA (International Federation of Libraries and Associations) um fjölmennarleg bókasafn. Starfandi er verkefnastjóri fjölmennar á Borgarbókasafni.

Meðal verkefna á Borgarbókasafninu:

**Heilahristingur og heimanámsaðstoð:** Heilahristingur eða heimanámsaðstoð í boði í Gerðubergssafni. Heimanámsaðstoðin er í samvinnu við útibú Alþjóðahússins í Breiðholti og Reykjavíkurborg Rauða krossins.

**Fljúgandi teppi - menningarmót í skólum og leikskólum:** Borgarbókasafn býður upp á að skipuleggja mót barna og fullorðinna, þar sem áhersla er lögð á að byggja brýr milli ólíkra menningarheima og tengja þá saman á jákvæðan hátt.

**Söguhringur kvenna:** Söguhringurinn er samstarfsverkefni bókasafnsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna og er markmið hans að skapa vettvang þar sem konur af erlendum uppruna skiptast á sögum, persónulegum eða bókmenntalegum. Hann er ætlaður konum af erlendum uppruna sem hafa áhuga á frjálslegri samveru sem byggir meðal annars á því að konur deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum. Í söguhringnum gefst einnig tækifæri til að tjá sig á íslensku, æfa tungumálið og fræðast um íslenska menningu, bókmenntir og siði.

**Heimsóknir fyrir erlent starfsfólk:** Borgarbókasafnið býður upp á heimsóknir á vinnustaði þar sem starfsemi safnsins er kynnt. Kynningin er einkum ætluð erlendu starfsfólki.

**Kynningar og ratleikir fyrir hópa í íslenskunámi:** Kennurum stendur til boða að koma með nemendur í íslensku á Borgarbókasafnið og fá kynningu á starfsemi safnsins.

**Skiptibókamarkaður í Gerðubergi:** Hægt er að koma með/taka bækur og önnur gögn á ýmsum tungumálum.

**Sögustundir á ýmsum tungumálum:** Virkjum innflytjendur til að vera með sögustundir í barnadeildini á þeirra tungumáli og á íslensku.

**Kynningarefni:** Kynningarbæklingur á þremur tungumálum um þjónustu Borgarbókasafns, prentaður og á netinu.

**Fræðsla starfsmanna:** Fjölmeningateymi stofnana á Menninga - og ferðamálasviði: Undirbýr sameiginleg verkefni í tengslum við fjölmenningu.

Fræðsla um fjölmenningu fyrir starfsfólk á vorönn 2009.

*Nánari upplýsingar um starfsemi Borgarbókasafnsins á [www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is).*

### 3. HLUTI VERKÁÆTLUNAR: MANNAUÐUR

#### Erlent starfsfólk: Móttaka, íslenskukennsla og starfsþróun

Mannauðsskrifstofa hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, hefur forystu um stefnumótun og veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf í þeim efnum. Skrifstofan hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu borgarinnar, en sá þáttur í starfsmannastefnunni sem snýr að erlendum starfsmönnum kveður á um að stofnanir og fyrirtæki borgarinnar skuli virða fjölmeningarstefnu og jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. Skal þess jafnframt gætt að gera ekki upp á milli starfsmanna í kjörum vegna kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana eða trúarskoðana eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Ber stjórnendum að stuðla að markvissri aðlögun erlendra starfsmanna á vinnustað og huga að íslenskunámi ef þurfa þykir.

Mannauðsskrifstofa leggur áherslu á samráð um framkvæmd mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg og samhæfðar aðgerðir fagsviðanna.

#### Nýleg verkefni í tengslum við erlenda starfsmenn:

- Rannsókn á stöðu starfsmanna af erlendum uppruna hjá Reykjavíkurborg, meginleg og eigindleg rannsókn.
- Leiðbeiningar um helstu réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar á íslensku, ensku, pólsku og taílensku. Með fræðslubæklingnum er leitast við að útskýra á einfaldan hátt hverjar helstu áherslur borgarinnar eru í starfsmannamálum og hvaða skyldur og réttindi starfsmenn hafa.
- Starfshópur sem í sátu fulltrúar fagsviða vann skýrslu um samræmda íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn borgarinnar. Þar var m.a. tekið saman yfirlit um íslenskukennslu á sviðunum síðustu fimm ár og lagðar fram tillögur um skipulag sameiginlegrar kennslu.

#### Hvað erum við að gera núna?

- Íslenskuskóli Reykjavíkurborgar fer formlega í gang í febrúar 2009. Námskrá menntamálaráðuneytisins verður fylgt og öllum starfsmönnum af erlendum uppruna boðið upp á 4 stig.
- Verið er að samræma móttöku nýrra starfsmanna og skýra verkaskiptingu milli Ráðhúss, fagsviða og einstakra vinnustaða með það að markmiði að nýir starfsmenn nái fljótt tökum á störfum sínum og aðlagist nýjum vinnustað. Hluti af þessari vinnu er að útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir erlenda starfsmenn borgarinnar og koma á fót fóstrakerfi.

### Hvaða verkefni sjáum við fyrir okkur?

- Að auka upplýsingagjöf á innri vef Reykjavíkurborgar til erlendra starfsmanna.
- Fræðslu fyrir stjórnendur og samstarfsfólk um fordóma, menningarmun og fjölmenningu á vinnustað.
- Að haldið verði kerfisbundið utan um menntunarbakgrunn erlendra starfsmanna borgarinnar. Útbúnað verði leiðbeiningar og upplýsingar um þá möguleika sem í boði eru til að fá menntun og starfsreynslu erlendis frá viðurkennda og þær gerðar aðgengilegar öllum erlendum starfsmönnum borgarinnar. Útfæra raunfærnimat í þeim tilfellum sem ekki er unnt að meta erlenda menntun formlega.
- Að ítarleg tölfræðileg úttekt verði unnin árlega um erlenda starfsmenn og birt í ársskýrslu um mannauðsmál.
- Að verklag í tengslum við þýðingar og túlkajónustu fyrir erlenda starfsmenn verði samræmt hjá borginni.

*Tímaáætlun: 2009-2012*

*Ábyrgð: Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar*

**Til ráðgjafar eða umsagnar:**

Arnbjörg Eiðsdóttir, kennslustjóri í Þjónustumiðstöð Breiðholts

Álfheiður Eymarsdóttir, þjónustustjóri Reykjavíkurborgar

Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannréttindafulltrúi ÍTR

Berglind Bergþórsdóttir, mannauðsráðgjafi á mannauðsskrifstofu

Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir, mannauðsráðgjafi á velferðarsviði

Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri vegna barna af erlendum uppruna á leikskólaskrifstofu

Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR

Hreinn Hreinsson, skrifstofa þjónustustjóra

Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi

Iðunn Antonsdóttir, Námsflokkar Reykjavíkur

Kristín R. Vilhjálmsdóttir, Verkefnastjóri Borgarbókasafn Reykjavíkur

María Rúnarsdóttir, verkefnisstjóri á velferðarsviði

Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu menntasviðs

Mannréttindafulltrúar hjá Reykjavíkurborg

**Utan Reykjavíkurborgar:**

Helga Magnea Steinsson, verkefnastjóri hjá Fjölmenningssetri

Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri Alþjóðahúss

Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss

Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði við HÍ

## Leslisti:

Fjölmenningarlegt samfélag. Stefna Reykjavíkurborgar 2001-2004. Reykjavíkurborg. Janúar 2001.

Fólk af erlendum uppruna. Viðhorfsrannsókn Gallups. September-október 2000.

Handbók – Móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur. Menntasvið. Maí 2008

Innflytjendur og þjónusta við þá – viðhorf útlendinga til þjónustu Reykjavíkurborgar. Rannsókn unnin fyrir verkefnisstjórn í málefnum innflytjenda. Ólöf Júlíusdóttir. Október 2007.

Netríkið Ísland – Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Forsætisráðuneytið. Maí 2008.

Samantekt starfshóps um þjónustu við innflytjendur. Velferðarsvið. Mars 2007.

Samráðsnefnd um fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar. Skýrsla fyrir árið 2003. Reykjavíkurborg. Október 2003.

Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Félagsmálaráðuneytið. Apríl 2005.

Skýrsla samráðsnefndar um fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2001. Reykjavíkurborg. September 2002.

Starfsáætlun í málefnum innflytjenda og fólks af erlendum uppruna – skemmtilegur frítími. Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. 2007.

Stefna og starfsáætlun leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2008.

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið. Janúar 2007.

Stöðuskýrsla vinnuhóps um samvinnu stjórnvalda í málefnum útlendinga. Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Janúar 2008.

Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda. Stöðulýsing og umræðuskjal. Starfshópur Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun í málefnum innflytjenda. Júní 2008.

Stöðuskýrsla vinnuhóps um samvinnu stjórnvalda í málefnum útlendinga. Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Janúar 2008.

Svona gerum við – leiðir að fjölmenningarlegu samfélagi á Austurlandi. Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Þorvaldur Jóhannsson verkefnisstjóri. Janúar 2007.

Tillögur að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í innflytjendamálum (samþykkt 23. janúar 2009).

Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Félagsvísindastofnun. Unnið fyrir Fjölmenningarsetur. Nóvember 2004.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda ásamt þingsályktunartillögum. Þskj. 1226 – 535. Mál. (Samþykkt á Alþingi í maí 2008).